

að. Áður en leyfi er veitt skv. þessari málsgrein skal leita umsagnar Félags þroskaþjálfara og Þroskaþjálfaskóla Íslands.

**3. gr.**

Þroskaþjálfar starfa við þjálfun, uppeldi og umönnun þroskaheftra.

**4. gr.**

Óheimilt er að ráða til þroskaþjálfastarfa aðra en þá, sem hafa starfsleyfi skv. lögum þessum.

**5. gr.**

Þroskaþjálfar ber að þekkja skyldur sínar, viðhalda þekkingu sinni og tileinka sér nýjungar, er varða þroskaþjálfun.

**6. gr.**

Þroskaþjálfar er skylt að gæta þagnælsku um atriði, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara skv. lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt viðkomandi hafi látið af störfum.

**7. gr.**

Um þroskaþjálfar gilda að öðru leyti og eftir því, sem við getur átt, reglur læknalaga nr. 80 23. júní 1969 með áorðnum breytingum. Reglur læknalaga gilda m. a. um sviptingu og endurveitingu starfsréttinda, og um refsingu vegna brota þroskaþjálfara.

**8. gr.**

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

**9. gr.**

Ráðherra getur í reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

**10. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum 28. apríl 1978.*

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

*Matthías Bjarnason.*

**L Ö G**

**um breyting á sveitarstjórnarlögum, nr. 58 29. mars 1961.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:*

**1. gr.**

Í stað 1. mgr. 20. gr. laganna komi tvær mgr., sem hljóði svo:

Þegar kosið er hlutfallskosningu í sveitarstjórn, eru allir þeir frambjóðendur varamenn í sveitarstjórn, sem ekki hafa náð kosningu sem aðalmenn, en átt hafa

sæti á framboðslista, sem fengið hefur einn eða fleiri aðalmenn kjörna í sveitarstjórn. Þegar kosning er óbundin skal kjósa jafnmarga varamenn og aðalmenn eru. Kjósa skal aðalmenn og varamenn á sama kjörseðli, sem er tvískiptur, þannig að tilgreindur er fjöldi aðalmanna sérstaklega og síðan sami fjöldi varamanna. Þeir eru kjörnir aðalmenn í hreppsnefnd sem flest atkvæði fá í sæti aðalmanna. 1. varamaður er sá kosinn er flest atkvæði hlýtur í 1. sæti á lista yfir varamenn, að viðbættum þeim atkvæðum, sem hann fékk á lista yfir aðalmenn, hafi hann ekki náð kosningu sem aðalmaður. 2. varamaður er kosinn sá sem flest atkvæði hlýtur í 2. sæti á lista varamanna að viðbættum þeim atkvæðum, sem hann hlaut á lista aðalmanna og í 1. sæti á lista varamanna. Kosning annarra varamanna ákvarðast á sama hátt, uns fyllt er í sæti þau, sem kjósa skal í.

Nú er sýslunefndarmaður og varamaður hans kosnir óbundinni kosningu og gilda þá sömu ákvæði um kosningu þeirra.

### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík 2. maí 1978.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Geir Hallgrímsson.*

## L Ö G

um breytingu á lögum nr. 49 1. maí 1968, um áskorunarmál.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

### 1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Stefna í málum þessum skal vera þannig úr garði gerð, að stefndi megi örugglega sjá, um hvaða kröfur sé að tefla.

Í stefnu skal greina:

1. Nöfn aðila, stöðu og heimili eða dvalarstað.
2. Nöfn fyrirsvarsmanna aðila, ef því er að skipta, stöðu þeirra og heimili eða starfsstofu.
3. Dómkröfur.
4. Ýtarlega lýsingu málavaxta.
5. Réttarsamband milli aðila og þau atvik og ástæður, sem stefnandi telur staðfesta réttmæti kröfu sinnar.
6. Áskorun til stefnda að greiða stefnukröfurnar, sbr. 4. gr.
7. Dómþing, stað þess og stund, svo og stefnufrest.

### 2. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Aðili getur gefið út stefnu sjálfur eða snúið sér til héraðsdómara, er gefur út stefnu að beiðni hans, sbr. 87. laga nr. 85/23. júní 1936.

Stefnu skal rita á tvöfalda örki í stærðinni A4, og skal hún auðkennd í upphafi máls með orðinu áskorunarstefna.